

Hér tákna H heimæðagjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 149,05 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|--------------------------------------------|-----------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾" | kr. 27,05 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | — 54,25 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 108,35 |

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³	kr. 8 619,20.
400 — 2 000 m ³	— 8 619,20 + kr. 6,90 pr. m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000 m ³	— 19 659,20 + — 5,90 pr. m ³ þar yfir.
6 000 — 10 000 m ³	— 43 259,20 + — 5,15 pr. m ³ þar yfir.
Meira en 10 000 m ³	— 63 859,20 + — 4,50 pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöðum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 1 037,85 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 54,25 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

Um gjaldskyldu.

Þeir aðilar sem hafa undir höndum starfsemi samkvæmt 2. gr. 1. nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 90. gr. þeirra laga, skulu greiða í ríkissjóð iðgjöld samkvæmt reglugerð þessari.

Undanskilin gjaldskyldu eru laun sjómanna, kafara og áhafna flugvéla sbr. 2. mgr. 2. gr. 1. nr. 46/1980.

Iðnmeistarar skulu greiða iðgjöld vegna iðnnema á samningi en iðnskólar vegna iðnnema sem ekki eru á samningi við meistarara.

Gjaldskyldan nær til bænda vegna þeirra sjálfra, maka þeirra og barna 12—16 ára svo og til atvinnurekenda er starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum og skiptir ekki máli þó þeir undanskilji sig slysatryggingu með áritun á skattframtal.

2. gr.

Gjaldstofn.

Gjaldstofn iðgjalda gjaldskyldra aðila skv. 1. gr. skal ákvarðaður á sama hátt og gjaldstofn vegna iðgjalds til slysatrygginga skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum sbr. 5. gr. 1. nr. 59/1978. Gjaldstofninn skal þannig vera öll greidd vinnulaun hverju nafni sem nefnast og þær greiðslur sem jafna má til launagreiðslna.

Hjá þeim aðilum sem greinir í 3. og 4. mgr. 1. gr. skal stofninn ákvarðaður eftir sömu reglum og greinir í lögum nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og reglugerðum og starfsreglum sem settar eru með stoð í þeim lögum sbr. og eftir því sem við eiga ákvæði B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 336/1976.

3. gr.

Gjaldstig.

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1981, vegna tekjuársins 1980, skal nema 0,0896 af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.